

## 100

4. ágúst

**Bréf stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um toll af »sætri saft«.**

Útaf fyrirspurnum, er komið hafa frá ýmsum lögreglustjórum um það, hvort greiða beri toll af »sætri saft« samkv. 1. gr. 3. lið í lögum um breytingu á tollögum fyrir Ísland, nr. 37, 8. nóv. 1901, staðfestum 11. júlí 1911 og gengnum í gildi 17. s. m., skal yður gefið til kynna, að þarsem það er skýrt tekið fram í tilvitnaðri lagagrein, að greiða beri til landssjóðs gjald af »óáfengum ávaxtavinum, *ávaaxtasafa* og öðrum óáfengum drykkjarföngum«, þá virðist enginn vafi á því vera *samkvæmt orðalagi liðsins*, að hér til eigi að teljast »sæt saft« sem tollskyld vara. — Auðvitað er það, að »sæt saft« er ekki að eins notuð til drykkjarfanga, heldur einnig til matar; en þótt hún sé notuð til hvorutveggja, þá er eigi hægt að gjöra greinarmun á tollskyldu »sætrar saftar« eftir því, hvort hún er ætluð til drykkjarfanga eða matar, því að slíkt er eigi hægt að fá vissu um við innflutning hennar, til hvors af þessu tvennu hún verði notuð.

Ennfremur skal það tekið fram, að með lögnum hefir verið *ætlast til þess*, að »sæt saft« skyldi vera tollskyld vara. Sést það á því, að alþingisnefnd sú, er gjörði breytingar á stjórnarfrumvarpi laga þessara og orðaði 1. gr. 3. lið laganna eins og hann nú er í þeim, kemst svo að orði í nefndaráliti sínu (Þingskjal 463) um þetta mál:

. . . . »Ætlumst vér til, að hinir ýmsu óáfengu drykkir, sem nú eru talsvert notaðir, og að líkindum verða meira og meira notaðir framvegis, þá er áfengisdrykkir hverfa úr sögunni, verði *allir* tollskyldir, og ætlumst vér til, að viðaukatillögur vorar við 1. og 3. tölulið 1. greinar taki yfir alla þess konar drykki undantekningarlaust og hverju nafni sem þeir nefnast.« . . . .

Það verður því að álíta, að alls konar »sæt saft« sé nú tollskyld vara.

## 101

11. sept.

**Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Strandasýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk.**

Seint á árinu 1909 sagði húsbóndi Ragnheiðar nokkurrar Tómasdóttur á Stað í Grunnavík hana til sveitar frá nýári 1910 sökum geðveiki, sem þá var að ágerast. Hreppsnefndin í Grunnavíkurhreppi tók hana svo til framfærslu á hinum tiltekna tíma og var hin lögboðna skýrsla um leið tekin af henni og send áleiðis til fæðingarhrepps hennar, Árneshrepps. Hreppsnefndin þar viðurkendi svo sveitfesti hennar með bréfi, dags. 28. júní 1910. En rétt áður en hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps fekk þetta bréf, fór Ragnheiður þessi, sem þá var farið að batna, burtu úr dvalarstað sínum til Ísafjarðar, án tilhlutunar hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps. Á Ísafirði virðist hún sjálf hafa komið sér fyrir og eigi er það upplýst, að hún hafi þegið sveitarstyrk síðan. Þegar Grunnavíkurhreppur hafði fengið sveitfestisviðurkenninguna, sendi hann reikning yfir dvalarkostnað þurfalingsins, að upphæð 70 kr. 25 aur., og krafðist greiðslu á honum úr sveitar-

sjóði Arneshrepps. Upphæð þessi er þannig fram komin, að frá 1. jan. 1910 til 31. marz s. á. er krafist  $\frac{2}{3}$  kostnaðar, en eftir þann tíma og til 13. júlí, er þurfalingurinn fór burtu, alls kostnaðarins, með því að hreppsnefnd Arneshrepps hafi gert sig seka í vitaverðum drætti á því að viðurkenna sveitfestina. Hreppsnefnd Arneshrepps færðist undan að greiða þessa upphæð, sérstaklega af því, að hin umkrafða meðgjöf, 3 kr. á viku, væri of há. Leiddi þetta til þess, að þér, herra sýslumaður, felduð úrskurð í málinu 25. maí þ. á., með þeim úrslitum, að Arneshreppur skyldi greiða Grunnavíkurhreppi  $\frac{2}{3}$  reikningsupphæðarinnar eða 46 kr. 84 au. Þessum úrskurði yðar hefir hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps áfrýjað til stjórnarráðsins með bréfi, dags. 3. júlí þ. á., og krafist þess, að sér verði úrskurðuð greiðsla á reikningi sínum óskertum.

Að því er snertir þá mótbáru hreppsnefndar Arneshrepps, að meðgjöfin hafi verið of há, skal það tekið fram, að samkvæmt vottorðum, er fylgdu nefndri áfrýjun, og lýsingu þeirri á sjúkleika þurfalingsins, sem er í málsskjölunum, verður eigi á þetta fallist, jafnvel þótt tillit sé tekið til, að þurfalingnum fór að batna, er leið á meðgjafartimann.

Um það atriði, hvort hreppsnefnd Arneshrepps hafi gjört sig seka í vitaverðum drætti á að viðurkenna sveitfesti þurfalingsins, skal þess getið, að með því að það er upplýst, að hreppsnefndin hefir fengið kröfu um viðurkenninguna 7. apríl 1910, en eigi svarað fyr en 28. júní s. á., verður eigi öðru vísi á litið, en að hreppsnefndin hafi gert sig seka í óþörfum drætti í þessu efni og verður Arneshreppur því samkvæmt 3. málsg. 68. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905, að endurgreiða allan kostnaðinn frá 7. apríl 1910 til 13. júlí s. á. og  $\frac{2}{3}$  hans frá 1. jan. til 7. apríl, en þetta verða kr. 69.18 samkvæmt reikningi Grunnavíkurhrepps.

Því úrskurðast:

Hreppsnefnd Arneshrepps ber að greiða hreppssjóði Grunnavíkurhrepps 69 kr. 18 aur.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Arneshrepps og ber yður að sjá um, að hún greiði hina úrskurðuðu upphæð án tafar.

## Erindisbréf

fyrir yfirsildarmatsmenn.

1. gr.

Yfirsildarmatsmennirnir skulu kynna sér sem bezt, hvernig síld skal vera að verkun og útliti, og hvernig á að fara með hana og verka hana, svo að hún verði talin góð vara á þeim stöðum, þar sem helztur markaður er fyrir hana.